
KASTLJÓS



EGGERT ER ÓMYRKUR Í MÁLI

Eggert Guðmundsson, listmálari, opnaði sýningu að Kjarvalsstöðum á laugardaginn. Á sýningunni eru á annað hundrað málverk og teikningar, sem listamaðurinn hefur unnið úr íslensku þjóðlífi á löngum tima, sögu, þjóðtrú og atvinnulífi. Er sýningin persónulegt framlag Eggerts til þjóðhátíðarinnar, og tileinkar hann sýninguna kennurum sinum, meðal annars Stefáni Eiríkssyni, myndskera, Einari Jónssyni, myndhöggvara, og Ríkharði Jónssyni, myndlistarmanni, auk erlendra manna.

Í formála að sýningarskrá skrifar Eggert þanka listamanns. Er hann ómyrkur í máli um ýmsa þætti íslensks listalífs, svo sem Listasafn ríkisins og listaverkakaup þess, Bandalag íslenskra listamanna og áhrif þess á þróun lista á Íslandi, íslenska listdómara, umsagnir þeirra og vinnubrögð. Þá fjallar Eggert í „þönkum" sínum um listir og listamenn frá ýmsum hliðum.


„Í flestum tilfellum er myndlistin framleidd til þess að vera verslunarvara eða annar gjaldmiðill, til afkomuþarfa, allri listsköpun til tjóns og skaða", segir Eggert. „Sönn list á það sammerkt með ástinni og góðleikanum að teljast til andlegra hneigða eða kennda, sem ekki verða flokkuð undir efnisheiminn eða jarðnesk form".

Ekki hvað síst beinist athyglin að lifandi myndum af atvinnuháttum, sem nú heyra til liðinni tið, en listamaðurinn þekkti vel af eigin raun. Hér fylgir mynd af konum við þvott í gömlu Þvottalaugunum. Hefur Reykjavikurborg fest kaup á henni.

BÍÓIN

TÓNABÍÓ Sími 31182

Morð í 110. götu



Frábær, ný, bandarísk sakamálamynd með Anthony Quin í aðalhlutverki.
Sýnd kl. 5, 7 og 9.
Bönnuð börnum innan 16 ára.

HAFNARBÍÓ Sími 16444

Táknmál ástarinnar

Einhver mest umdeilda mynd sem sýnd hefur verið hér á landi, gerð í litum af Inge og Sten Hegeler.
ÍSLENZKUR TEXTI.
Bönnuð innan 16 ára.
Nafnskírteini.
Endursýnd kl. 3, 5, 7, 9 og 11.

LAUGARÁSBÍÓ Sími 32075

Leitin að Gregory

Dularfull og spennandi ævintýramynd í litum með íslenzkum texta.
Julie Christie og
Michael Sarrazin.
Sýnd kl. 5, 7 og 9.

HÁSKÓLABÍÓ Sími 22140

Sálfræðingur forsetans
(The president's Analyst)

Viðfræg bandarísk litmynd tekin í cinemascope
Aðalhlutverk:
James Coburn
Godfrey Cambridge

Íslenskur texti
Sýnd kl. 5, 7 og 9.

KÓPAVOGSBÍÓ Sími 41985

Ekki er sopið kálið

Ein glæsilegasta afbrotamynd sem gerð hefur verið, enda í nýjum stil, tekin í forvitnilegu umhverfi.
Framleiðandi: Michael Deeley.
Leikstjóri: Piter Collineso.
Íslenzkur texti.
Endursýnd kl. 5,15 og 9.

EKKI ER RÁÐ NEMA Í SAMVINNUBANKINN ÍMA SÉ TEKIÐ

HVAÐ ER Í ÚTVARPINU?

Þriðjudagur

7.00 **Morgunútvarp** Veðurfregnir kl. 7.00, 8,15 og 10.10. **Morgunleikfimi** kl. 7.20. Fréttir kl. 7,30, 8,15 (og forustugr. dagbl.), 9.15 og 10.00. **Morgunbæn** kl. 7.55. **Morgunstund barnanna** kl. 8.45: Oddný Thorsteinsson les framhald „Ævintýris um Fávis og vini hans" eftir Nikolaj Nosoff (20). **Útvarp vegna unglingaprófs í dönsku** kl. 9.00. **Morgunleikfimi** kl. 9.20. Tilkynningar kl. 9.30. Létt lög á milli atriða. **Morgunpopp** kl. 10.25 **Morguntónleikar** kl. 11.00: Felix Ayo og I Musici leika tvo árstíðakonserta eftir Vivaldi, „Vorið" og „Sumarið" / William Bennett, Harold Lester og Denis Nesbitt leika Sónötu í h-moll fyrir flautu, sembal og víólu da gamba eftir Händel/ Agustin Anievas leikur á píanó Tilbrigði og fúgu eftir Brahms um stef eftir Handel.
12.00 Dagskráin. Tónleikar. Tilkynningar.
12.25 Fréttir og veðurfregnir. Tilkynningar.
13.00 **Eftir hádegið.** Jón B. Gunnlaugsson leikur létt lög og spjallar við hlustendur.
14.30. **Síðdegissagan: „Hús málarans" eftir Jóhannes Helga.** Óskar Halldórsson les (4).
15.00 **Miðdegistónleikar: Íslenzk tónlist** a. Sónata fyrir fiðlu og píanó eftir Fjölni Stefánsson. Rut Ingólfsdóttir og Gísli Magnússon leika. b. „Alþýðuvísur um ástina" eftir Gunnar Reyni Sveinsson við texta eftir Birgi Sigurðsson. Söngflokkur syngur undir stjórn höfundar. c. „Ólafur Liljurós", ballettmúsik eftir Jórunni Viðar. Sinfóníuhljómsveit Íslands leikur: Páll P. Pálsson stj.
16.00 Fréttir. Tilkynningar. (16.15 Veðurfregnir)
16.25 **Popphornið**
17.10 Tónleikar. Tilkynningar.
18,45. Veðurfregnir. Dagskrá kvöldsins.
19.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
19.30 **Bókaspjall.** Umsjónarmaður: Sigurður A. Magnússon.
19.55 **Lög unga fólksins;** Ragnheiður Drífa Steinþórsdóttir kynnir.
21.00 **Á vettvangi dómsmálanna** Björn Helgason hæstaréttarritari talar.
21.30 **Á hvítum reitum og svörtum.** Guðmundur Arnlaugsson flytur skákþátt.
22.00 Fréttir.
22,15 Veðurfregnir. **Kvöldsagan: „Eiginkona í álögum" eftir Alberto Moravia.** Ragnhildur Jónsdóttir íslenzkaði Margrét Helga Jóhannsdóttir leikkona les (3).
22.35 **Harmonikulög.** Jo Ann Castle leikur.
23.00 **Á hljóðbergi.** „Vitisvélin", leikrit eftir Jean Cocteau; — síðari hluti Með aðalhlutverk fara Margaret Leighton, Jeremy Brett, Alan Webb, Patrick Magee og Diana Cilento. Leikstjóri er Howard Sackler.
23.55 Fréttir í stuttu máli. Dagskrárlok.

HVAÐ ER Á SKJÁNUM?

Reykjavík

Þriðjudagur

20.00 **Veður og auglýsingar.**
20.30 **Steinaldartáningarnir.** Nýr, bandarískur teiknimyndaflokkur í framhaldi af myndunum um Fred Flintstone og félaga hans. Nú eru börn Freds og samtíðarmanna hans vaxin úr grasi, og um þá ungu og uppvaxandi kynslóð fjallar þessi myndaflokkur. 1. þáttur. **Listakonan Vala.** Þýðandi Heba Júlíusdóttir.
21.00 **Stjórnmálaviðhorfið** Umræðuþáttur í sjónvarpssal. Umsjónarmaður Ólafur Ragnarsson.
21.40 **Skák.** Stuttur, bandarískur skákþáttur. Þýðandi og þulur Jón Thor Haraldsson.
21.50 **Heimshorn** Fréttaskýringaþáttur um erlend málefni. Umsjónarmaður Jón Hákon Magnússon.
Dagskrárlok

Keflavík

Þriðjudagur 14. maí

2,55 Dagskráin.
3,00 Fréttir.
3,05 Another world.
3,25 Kvennaþáttur, Dinah's world.
3,50 Úr dýragarðinum, New zoo revue.
4,20 Life with blondie, kvikmynd.
5,30 Electric company.
5,55 Dagskráin
6,05 Skemmtiþáttur Buck Owens.
6,30 Fréttir.
7,00 Johnny Mann.
7,30 Jonathan Winters.
8,00 Appointment with desteny.
8,50 Skemmtiþáttur Doris Day.
9,15 Flip Wilson.
10,05 Cannon.
11,00 Fréttir.
11,15 Helgistund.
11,20 Late show, Tomorrow at ten, mynd um mannræningja sem er búinn að undirbúa fullkominn flótta frá Englandi, með lausnargjaldið. John Gregson og Robert Shaw í aðalhlutverkum.

Hafnfirðingar

Þar sem áhrif **mænuveikibólusetninga**r kunna að verða óvirk að liðnum 5 árum frá bólusetningu, er fólk eindregið hvatt til að láta bólusetja sig á ný, þannig að aldrei líði meira en 5 ár milli bólusetninga.
Mænusóttarbólusetning fer fram á Heilsuverndarstöðinni, Strandgötu 8—10, 4. hæð, þriðjudaginn 14. og fimmtudaginn 16. maí n.k. kl. 18—19.

Heilsuverndarstöð Hafnarfjarðar.

ANGARNIR

